

Ár 2017, þriðjudaginn 31. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Óskari Bergssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

**Að ákveða laun og starfskjör  
bankastjóra Íslandsbanka hf.**

**I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Með bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 24. júní 2016 var kjararáði tilkynnt um yfirtöku íslenska ríkisins á Íslandsbanka hf. Jafnframt kom fram í bréfinu að Bankasýsla ríkisins fari með eignarhlut ríkisins í bankanum. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun og starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hf. heyrir undir kjararáð.

**II.**

Með bréfi dagsettu 7. júlí 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna væntanlegrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör bankastjóra Íslandsbanka hf., sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfi dagsettu sama dag var stjórn Íslandsbanka hf. gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins auk þess sem óskað var eftir upplýsingum um núverandi starfskjör bankastjórans. Einnig var Bankasýsla ríkisins gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum við ráðið. Þá var bankastjóra Íslandsbanka hf. með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir upplýsingum um núverandi starfskjör.

Stjórn Íslandsbanka hf. sendi kjararáði bréf dagsett 22. ágúst 2016. Með bréfinu fylgdi endurnýjaður ráðningarsamningur bankastjórans frá 5. júní 2012 ásamt viðaukum dagsettum 24. janúar 2013 og 21. desember 2015. Í bréfinu segir að laun og önnur starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hf. hafi verið ákvörðuð af stjórn bankans í samræmi við starfskjarastefnu hans sem samþykkt sé af hluthöfum á aðalfundi ár hvert. Fram kemur að megininntak starfskjarastefnunnar sé að bankinn bjóði á hverjum tíma samkeppnishæf starfskjör og sambærileg við það sem gerist í starfsumhverfi hans, mælt á hefðbundna mælikvarða um umsvif, ábyrgð og árangur, en jafnframt sé tekið fram að starfskjörin skuli ekki vera leiðandi. Í stefnunni séu sett fram sömu sjónarmið til stjórnar um ákvörðun starfskjara bankastjórans.

Í bréfi stjórnar Íslandsbanka hf. segir að Íslandsbanki sé stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og leiðandi á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs. Bankinn hafi víðtækar starfsheimildir samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og starfsemi bankans sé margþætt og á margan hátt tæknilega flókin, sem geri miklar kröfur til daglegs stjórnanda um hæfni og stjórnunarhæfileika, langt umfram það sem almennt gerist í hlutafélögum. Að mati stjórnarinnar hafi starfsárangur núverandi bankastjóra verið framúrskarandi, hann hafi sinnt starfi sínu af kostgæfni og verið sterkur leiðtogi stjórnunarteymis bankans, meðal annars í stefnumótun á umbrotatímum. Sérstaklega megi nefna endurskipulagningu lána sem Íslandsbanki hafi lokið hraðar en keppinautar. Á sama tíma hafi bankinn tekið yfir starfsemi tveggja fjármálafyrirtækja og samþætt sínum rekstri. Með hagræðingu hafi tekist með skipulegum hætti að fækka starfsfólki bankans. Ljóst sé að gríðarmiklar kröfur séu gerðar til bankastjóra um viðveru og vinnu utan hefðbundins vinnutíma. Þannig sé víst að raunverulegur vinnutími bankastjóra sé um það bil 130 klukkustundir á mánuði umfram hefðbundinn dagvinnutíma og ekkert bendi til annars en að svo verði áfram. Þess beri að geta að forstjórar í sambærilegum fyrirtækjum í fjármálakerfinu og utan þess hafi margir

umtalsvert hærri laun en bankastjóri Íslandsbanka hf. Í bréfinu segir ennfremur að mikilvægur hluti af starfi stjórnenda stórra fyrirtækja á Íslandi sé að taka þátt í starfi ýmissa hagsmunasamtaka sem taki þátt í að móta umhverfi íslenskra fyrirtækja. Bankastjóri Íslandsbanka hf. hafi í því samhengi setið í stjórnnum Samtaka fjármálafyrirtækja, Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs sem stjórnin telji eðlilegan hluta af starfi bankastjóra.

Í bréfi stjórnar Íslandsbanka hf. er gerð grein fyrir helstu atriðum ráðningarsamnings bankastjórans. Bankastjórinn sé ekki í stéttarfélagi en við ákvörðun starfskjara hafi verið tekið tillit til ýmissa þátta kjarasamnings Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samtaka atvinnulífsins (SA). Bankastjórinn fái greidd föst mánaðarlaun án tímamælingar. Auk launa sé í samningnum fjallað um orlof, veikindarétt, ferðakostnað, tryggingar og greiðslur í lífeyrissjóð. Þá kemur fram að bankastjórinn eigi rétt á starfsafmælisgreiðslum í samræmi við sérstaka bókun í kjarasamningi SSF og SA. Einnig kemur fram að bankastjórinn hafi, í samræmi við starfskjarastefnu bankans, haft möguleika á kaupauka samkvæmt sérstökum samningi þar um sem rúmast skyldi innan kaupaukakerfis bankans, laga og reglna Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi. Í bréfinu segir að á síðasta aðalfundi bankans hafi Bankasýsla ríkisins greint frá þeirri ákvörðun að kaupaukar yrðu ekki samþykktir eftir árið 2016. Þá segir þar einnig að samkvæmt ráðningarsamningi geti bankastjóri valið um að fá endurgreiddan kostnað vegna afnota af eigin bifreið, eða fengið bifreið til afnota á kostnað bankans. Jafnframt láti bankinn bankastjóra í té farsíma og fartölvu og greiði kostnað við nettenginu á heimili hans, reki öryggiskerfi á heimili hans og greiði fyrir áskrift að prent- og sjónvarpsmiðlum. Starfi bankastjórans fylgi engin launuð aukastörf og tekið er fram að honum sé óheimilt að sinna öðrum launuðum störfum. Þá er bankastjóra óheimilt án samþykkis stjórnarformanns í hverju einstöku tilviki, að vera meðeigandi eða þátttakandi í öðrum atvinnurekstri eða gegna launuðum eða ólaunuðum störfum sem taki upp tíma hans og athygli. Láti bankastjóri af störfum að eigin ósk eru settar hömlur á atvinnustarfsemi hans næstu sex mánuði. Fram kemur í bréfi stjórnarinnar að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé tólf mánuðir.

Að endingu segir í bréfi stjórnarinnar að þess sé vænst að við ákvörðun sína taki kjararáð tillit til launa á markaði. Íslandsbanki hafi ríka hagsmuni af því að geta boðið stjórnendum sínum samkeppnishæf launakjör og telur þá aðstöðu kunna að vera skaðlega fyrir bankann, eigendur hans og aðra haghafa, ef starfskjör bankastjórans séu ákvörðuð mun lakari en starfskjör undirmanna hans.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 16. ágúst 2016. Í bréfinu segir að eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum hafi verið birt 2. september 2009, sbr. fréttatilkynningu ráðuneytisins nr. 60/2009. Henni sé ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Í IV. kafla stefnunnar sé fjallað um kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi hlut í. Í stefnunni komi fram að með þessu sé átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi. Þá segir í bréfinu að samkvæmt 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skuli kjararáð geta að innbyrðis samræmi í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli kjararáð geta sérstaklega að samræmi milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd séu á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. laganna hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnuarkaði. Þá segir í bréfinu að samkvæmt þeim breytingum sem gerðar hafi verið á lögum um kjararáð á árinu 2009 skuli ráðið samkvæmt 1. gr. laganna ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem séu að meiri hluta í eigu ríkisins og

félaga sem séu að meiri hluta í eigu félaga sem undir málsgreinina falla. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra svo sem segi í 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. laganna. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana þegar ákvarða eigi laun og starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hf.

Í svari Bankasýslu ríkisins dagsettu 3. ágúst 2016 segir að í eigendastefnu ríkisins frá september 2009 komi meðal annars fram að kjararáð ákveði laun forstjóra fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi meira en helmingshlut í, að launafyrirkomulag skuli vera gagnsætt og sanngjarnt og að opinber fjármálafyrirtæki skuli tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum, þannig að laun stjórnenda standist samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyriræki starfi á, en séu ekki leiðandi. Fram kemur í bréfinu að Bankasýsla ríkisins hafi lengi talið rétt að kjör forstjóra fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi meirihluta í, eigi að vera ákveðin af stjórn félaganna sjálfra en ekki af kjararáði. Fyrir því séu margar ástæður, meðal annars að fyrirtækin séu einkaréttarlegs eðlis, inni ekki af hendi opinbera þjónustu, fyrirkomulagið geti verið til trafala við sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum og skekki samkeppni á fjármálamarkaði. Bankastjórar njóti ekki aukinna réttinda eins og opinberir starfsmenn eða embættismenn sem falli undir kjararáð. Þá eigi þær óvenjulegu aðstæður sem réðu setningu laga nr. 87/2009 um breytingar á lögum um kjararáð og fleiri lögum ekki lengur við. Í bréfinu bendir Bankasýsla ríkisins á úrskurð kjararáð frá 17. desember 2015 þar sem laun og starfskjör bankastjóra Landsbankans hf. eru ákveðin. Telur stofnunin viðeigandi að kjararáð hafi þann úrskurð til hliðsjónar við ákvörðun á launum og starfskjörum bankastjóra Íslandsbanka hf. Einnig er kjararáði bent á að bankastjóri Íslandsbanka hf. sé með í gildi ráðningarsamning með ákveðnum uppsagnarfresti sem rétt sé að taka tillit til við ákvörðun um ný launakjör.

Bankastjóri Íslandsbanka hf. sendi kjararáði bréf dagsett 9. september 2016. Í bréfinu kemur fram að Íslandsbanki og bankastjórinn hafi hlotið fjölmörg verðlaun á síðustu árum fyrir framúrskarandi stjórnun, rekstur, þjónustu og mannauðsmál. Í fjögur ár í röð hafi Íslandsbanki verið valinn besti bankinn á Íslandi af alþjóðlega fjármálatímaritinu Euromoney. Í niðurstöðu dómnefndar hafi verið horft til góðs árangurs í rekstri bankans og stefnu hans almennt. Þá hafi einnig verið litið til framtíðarsýnar Íslandsbanka um að veita bestu bankþjónustu á Íslandi og árangurs bankans í nýsköpun með það að markmiði að einfalda bankaviðskipti. Ánægja viðskiptavina Íslandsbanka hafi mælst mikil og hafi bankinn hlotið hæstu einkunn banka í Íslensku ánægjuvuginni undanfarin þrjú ár. Þá hafi Íslandsbanki hlotið Hvatningarverðlaun jafnréttismála í ár. Niðurstæða dómnefndar hafi verið einróma og þyki bankinn uppfylla þætti bæði í innra og ytra umhverfi fyrirtækisins sem stuðli að auknu jafnrétti. Verðlaunin séu veitt því fyrirtæki sem hafi stuðlað að auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa, jöfnum launum kynjanna í stjórnendastöðum og aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hafi fyrir fyrirtækið og samfélagið. Á síðasta ári hafi Íslandsbanki fengið Íslensku þekkingarverðlaunin fyrir framúrskarandi árangur í mannauðsmálum. Bankinn hafi lagt áherslu á að virkja starfsfólk til þátttöku í mótun bankans og byggja upp öflugan liðsheild og fyrirtækjamenningu. Bankinn reki öflugt fræðslustarf og sé brautryðjandi í verkefnum eins og orkustjórnun og markþjálfun. Þá hafi lærimeistaraverkefni bankans einnig skilað miklum árangri. Auk þess hafi bankastjórinn verið valinn markaðsmaður ársins 2014 af ÍMARK, samtökum markaðsfólks á Íslandi og viðskiptafræðingur ársins á árinu 2013 af Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Með bréfi kjararáðs dagsettu 27. september 2016 fékk bankastjóri Íslandsbanka hf. send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis, Bankasýslu ríkisins og stjórnar Íslandsbanka hf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust. Formaður stjórnar Íslandsbanka hf. kom á fund kjararáðs 7. desember

2016 og fylgdi eftir bréfi sínu til ráðsins. Einnig barst kjararáði bréf frá formanni stjórnarinnar dagsett 9. janúar 2017 þar sem meðal annars er vakin athygli á nýjum lögum um kjararáð sem taki gildi 1. júlí 2017.

### III.

Íslandsbanki hf. var stofnaður í október 2008 til að halda utan um innlendar innstæður og meirihluta íslenskra eigna Glitnis. Á þeim tíma var bankinn alfarið í eigu ríkisins eða fram til október 2009 er ríkið komst að samkomulagi við kröfuhafa um að þeir eignuðust 95% eignarhlut í bankanum. Sem hluta af stöðugleikaframlagi kröfuhafa Glitnis var ríkinu afhentur 95% eignarhlutur í Íslandsbanka hf. og fer ríkið því nú með 100% eignarhlut í bankanum.

Íslandsbanki hf. rekur útibú víða um landið. Í samþykktum félagsins segir að nafn þess sé Íslandsbanki hf. Tilgangur félagsins er að starfrækja viðskiptabanka. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil lögum samkvæmt á hverjum tíma sem og aðra starfsemi í eðlilegum tengslum við hana. Félaginu er heimilt að taka þátt í starfsemi sem samræmist rekstri þess og gerast eignaraðili í öðrum félögum í því skyni. Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum og að minnsta kosti tveimur til vara og eru þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og er formaður kosinn sérstaklega. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem nefnist bankastjóri. Hann hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri og kemur fram fyrir hönd félags í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Bankastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður ákveðið bankastjóra Íslandsbanka hf. laun. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir er við ákvörðun launakjara bankastjóra Íslandsbanka hf. horft til launakjara forstöðumanna annarra fjármála- og lánastofnana sem undir kjararáð heyra, svo sem bankastjóra Landsbankans hf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun bankastjóra Íslandsbanka hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

### V.

#### Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun bankastjóra Íslandsbanka hf. skulu vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 1.131.816 krónur. Að auki skal greiða honum 100 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör bankastjóra Íslandsbanka hf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

---

Óskar Bergsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber